



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um nýtingu og stjórnun nytjastofna sjávar (heildarlög) – MAR23060144
Ráðuneyti	Matvælaráðuneyti/Skrifstofa sjávarútvegs
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	29. ágúst 2023

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs

Samning frumvarpsins stendur yfir og samhliða því verður unnið að endanlegu mati á fjárhagsáhrifum og því mati gerð skil í endanlegu mati á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið. Til vinnslu eru reiknilíkön vegna áformaðra breytinga á útreikningi veiðigjalda og munu áætluð fjárhagsáhrif vegna breytinga liggja fyrir við endanlegt mat. Einnig er til vinnslu áhrifamat vegna breytinga á byggðakerfum (5,3% aflaheimildum á hendi ríkisins) og áhrifamat vegna breytinga er varða gagnsæi í eignarhaldi og rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og hámarksaflahlutdeild tengda aðila. Áhrifamat og áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð mun liggja fyrir við endanlegt mat. Við vinnslu frumvarpsins verður einnig lagt mat á fjárhagsáhrif áformaðra breytinga á starfsemi Fiskistofu, m.a. vegna eftirlits með tengdum aðilum, auknum kröfum til beitingar viðurlaga vegna brota sem og kostnaður við þjálfun starfsfólks. Einnig verður lagt mat á áhrif lagasetningar á starfsemi Hafrannsóknarstofnunar, Byggðastofnunar og eftir atvikum annarra stofnana við vinnslu endanlegs mats.

2. Tekjubreytingar

Verði áformað frumvarp að lögum má ætla að tekjur ríkissjóðs kunni að aukast, en í fjármálaáætlun 2024-2025 er gert ráð fyrir að veiðigjöld muni hækka, í fyrirhuguðu frumvarpi verður mælt fyrir um aukið gagnsæi og einföldun við útreikning gjaldsins og þá eru áætlaðar breytingar á byggðakerfum fiskveiðistjórnunar sem kunna að auka tekjur ríkissjóðs. Einnig má ætla að með beitingu viðurlaga með stjórnvaldssektum kunni tekjur að aukast. Til lengri tíma er því áætlað að frumvarpið komi til með að hafa jákvæð áhrif fyrir ríkissjóð.

3. Útgjaldabreytingar

Verði áformað frumvarp að lögum má ætla að kostnaður undirstofnana ráðuneytisins muni í einhverjum tilvikum aukast samhliða auknum kröfum og verkefnum. Þá kunna fyrirhugaðar lagabreytingar að leiða til aukins kostnaðar svo sem við tölvukerfi, gagnagrunna og þjálfun starfsfólks. Þó má ætla að aukin upplýsingagjöf fyrirtækja muni koma til með að draga úr kostnaði við eftirlit. Fyrirhugaðar breytingar á byggðakerfum fiskveiðistjórnunar munu einnig

hafa einhver áhrif á útgjöld ríkisins þá sérstaklega vegna breytinga á úthlutun fjármuna úr ríkissjóði.

4. Eignabreytingar

Áformuð lagasetning mun ekki hafa áhrif á eignabreytingar ríkisins.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

Aðrir áhrifaþættir ættu ekki að hafa áhrif á ríkisfjármál í tengslum við áform um lagasetningu.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaáætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- í gildandi fjárlögum er mælt fyrir um verkefnið Auðlindin okkar og er það innan ramma.
- í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2024 -2028 kemur eftirfarandi fram: „Fyrir höndum er endurskoðun á lögum um veiðigjald undir forystu matvælaráðuneytisins. Sú endurskoðun er unnin í samhengi við verkefnið Auðlindin okkar sem matvælaráðherra setti af stað um mitt ár 2022 til að greina áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum. Fram undan er frekari greining á mismunandi útfærslum á veiðigjaldi með það fyrir augum að einfalda kerfið en um leið að hækka veiðigjald á stærri samþættar útgerðir en á móti að hækka frítekjumark til hagsbóta fyrir litlar og meðalstórar útgerðir. Áætlað er að þessar breytingar skili auknum tekjum í ríkissjóð frá og með árinu 2025.”

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir tilfærslu fjármuna, m.a. vegna áformaðra breytinga á verkefnasjóð sjávarútvegs og breytingum á byggðakerfum fiskveiðistjórnunar.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Áformuð hækkun veiðigjalda, breytingar á byggðakerfum og heimild til álagningar stjórnvaldssekta kann að auka tekjur ríkissjóðs til lengri tíma. Ekki liggur fyrir hvert umfang þess verður enda er stjórnvaldssektum og öðrum viðurlögum ætlað að hafa fælingar- og varnaðaráhrif til lengri tíma.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið

Liggur ekki fyrir en verður unnið við gerð endanlegs mats.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

Leitað verður umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur skv. lögum nr. 27/1999.

3. Samkeppnisskilyrði

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyffiskerfi eða kvóta)

Mat á áhrifum mun liggja fyrir við vinnslu endanlegs mats.

- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)

Mat á áhrifum mun liggja fyrir við vinnslu endanlegs mats.

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd)

Á ekki við.

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

Í áformum um lagasetningu er gert ráð fyrir að ákvæði um tengda aðila verði samræmt ákvæði samkeppnislaga.

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**

Áformin munu hafa áhrif á sveitarfélög, m.a. þar sem gert er ráð fyrir breytingum á byggðakerfum fiskveiðistjórnunar. Leitað verður umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga við vinnslu endanlegs mats.

2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**

– Á ekki við

3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**

– Á ekki við.

4. **Áhrif á byggðalög**

Áformin munu hafa áhrif á tiltekin byggðalög vegna fyrirhugaðra breytinga á byggðakerfum. Mat á áhrifum áformanna fyrir einstök byggðalög mun liggja fyrir við endanlegt mat.

5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**

- Á ekki við.

6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**

Í fjármálaáætlun 2024-2028 segir „Hvað kynja- og jafnréttissjónarmið varðar hefur sjávarútvegurinn ávallt verið mjög karllæg atvinnugrein, einkum þegar kemur að sjómennsku og er fjarvera frá heimili þar helsti skýringarþáttur. Mikill fjöldi kvenna starfar þó við fiskvinnslu. Áhrif áformaðrar lagasetningar á jafnrétti kynjanna mun liggja fyrir við endanlegt mat.

7. **Áhrif á lýðheilsu**

- Á ekki við.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

Þær breytingar sem áformaðrar eru, koma til með að efla enn frekar rannsóknir á hafinu og auka nýsköpun. Þá er í niðurstöðum Auðlindarinnar okkar sérstaklega fjallað um menntun og leiðir sem færar eru til að efla menntun, nýsköpun og rannsóknir enn frekar. Áformuð lagasetning mun eftir því sem við á styðja við þær tillögur.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri

Lagasetningin hefur ekki áhrif á samskipti þvert á norræn landamæri.

10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni

Í fjármálaáætlun 2024-2028: „*Helstu áhættuþættir í sjávarútvegi snúa að því að skortur er á getu stofnana til að sinna lögbundnu hlutverki við hafrannsóknir og eftirlit. Öflugar hafrannsóknir og eftirlit með sjávarauðlindinni er lykilforsenda fyrir öflugum sjávarútvegi. Fylgjast þarf vel með markaðsaðstæðum og fylgja eftir vottunum íslenskra sjávarafurða til að tryggja samkeppnishæfni á alþjóðavettvangi.*” Áformin munu hafa áhrif á starfsemi Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnunar. Nánara mat á áhrifum áformanna á einstakar stofnanir mun liggja fyrir við endanlegt mat.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Áform um lagasetningu hefur ekki áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Áform um lagasetningu byggja á þremur stoðum sjálfbærrar þróunar og er frumvarpinu ætlað að styðja enn frekar við sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda þar sem nýting auðlinda fari ekki umfram þau mörk sem náttúran setur.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Áform um lagasetningu munu hafa í för með sér einhver fjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð, heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag mun liggja fyrir við endanlegt mat.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Áformin munu hafa áhrif á hagsmunaaðila og stofnanir. Einnig munu áformin hafa mismunandi áhrif á tiltekin byggðalög. Mun mat á þeim áhrifum liggja fyrir við endanlegt mat.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

Mun liggja fyrir við endanlegt mat.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

Á ekki við í frummati.

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

Á ekki við í frummati.

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

Á ekki við í frummati.]